

392. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 5. júní 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Auður Kjartansdóttir
Júníana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Patrik Zolobow
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Nýr forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) Skýrsla um rekstur leikskóla Snæfellsbæjar.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson frá Ásgarði skólaráðgjöf mætti á fundinn í gegnum Teams og fór yfir skýrsluna sem gerð var á vormánuðum ásamt því að fara yfir þá endurbótavinnu sem þegar er farin í gang í framhaldi af skýrslunni. Rætt var um áframhaldandi vinnu með sveitarfélaginu.

2) Skipulagsmál.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar, mætti á fundinn í gegnum Teams. Fór hún yfir skipulagsmál í Ólafsvík.

3) Fundargerðir 358., 359. og 360. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 19. júní, 17. júlí og 26. ágúst 2025.

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

4) Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Trúnaðarmál.

Beiðnin var lögð fram á fundinum.
Bæjarstjórn getur því miður ekki orðið við beiðninni.

5) Bréf frá Michael Gluszek, dags. 25. ágúst 2025, varðandi úrsögn úr bæjarstjórn og nefndum sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að veita Michael Gluszek lausn frá störfum sínum í bæjarstjórn Snæfellsbæjar og nefndum á vegum bæjarfélagsins, út yfirstandandi kjörtímabil. Bæjarstjórn þakkar Michael innilega samstarfið og óskar honum alls hins besta í framtíðinni.

Sæti Michaels í bæjarstjórn tekur Patrik Zolobow, fyrsti varamaður J-listans. Bæjarstjórn býður hann velkominn til starfa.

Tillaga kom um Margréti Sif sem varamann í hafnarstjórn í stað Michaels. Var tillagan samþykkt samhljóða.

6) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 27. ágúst 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Dugnaðarkvenna ehf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, sem rekið verður sem Elja kaffihús að Sandahrauni 5 á Hellissandi, Snæfellsbæ.

Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Dugnaðarkvenna ehf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, sem rekið verður sem Elja kaffihús að Sandahrauni 5 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

7) Bréf frá SSV, dags. 25. ágúst 2025, varðandi haustþing SSV 2025.

Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials:
BHH, MS, Au, FS, PZ

8) **Bréf frá UNICEF, dags. 14. ágúst 2025, varðandi umsóknir um þátttöku sveitarfélaga í verkefninu Barnvæn samfélög.**

Lagt fram til kynningar.

9) **Aðgerðaráætlun Snæfellsbæjar vegna Sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034. Ákvörðun um næstu skref.**

Lögð var fram eftirfarandi bókun frá Smára Jónasi Lúðvíkssyni, ábyrgðarmanni yfir aðgerðaráætlun Snæfellsbæjar vegna sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034:

“Bæjarstjórn Snæfellsbæjar mun halda áfram í átt að sjálfbærni 2026 samkvæmt aðgerðaráætlun Snæfellsbæjar vegna samþykkrar Sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034.

Snæfellsbær mun sérstaklega horfa til eftirfarandi aðgerða á komandi ári en áherslur þeirra snúa að verkefnum sem sveitarfélagið hefur lagt grunninn að undanfarin ár.

- Orkusparnaður og stjórnun.
- Samdráttur í úrgangsmýndun og aukið endurvinnsluhlutfall stofnana.
- Minni matarsóun.

Einnig er stefnt að því að hefja undirbúningsvinnu að öðrum aðgerðum s.s.

- Samdráttur í samfélagslegri úrgangsmýndun og aukið endurvinnsluhlutfall.
- Dregið úr losun frá þjónustu og vörum.
- Samdráttur í losun frá flugi starfsfólks og bæjarfulltrúa.
- Samdráttur í losun frá akstri starfsfólks og bæjarfulltrúa.
- Samdráttur í samfélagslegri losun frá akstri.

Aðgerðum er snúa að verndun vistkerfa og landnotkun verður vísað til skipulagsvinnu Tæknideildar þar sem tekið verður mið af aðgerðum aðgerðaráætlunar og sjálfbærnistefnu Snæfellsness við vinnu við aðal- og deiliskipulag.

Markmið og tímaáætlun aðgerðaráætlunar verður endurskoðuð árlega með tilliti til niðurstöðu gagna frá árinu á undan og hún uppfærð með þau til hliðsjónar þar sem aðgerðum verður breytt eða bætt við ef við á.

Lagt er upp með að við næstu endurskoðun verði lögð fram breytingartillaga með raunhæfri fjármagnaðri tímaáætlun fyrir allar aðgerðir, raunhæf en metnaðarfull töluleg markmið sett, þar sem horft er til raunverulegrar getu sveitarfélagsins til að draga úr orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda samhliða því að bæta þjónustu við íbúa.”

Bæjarstjórn samþykkti bókunina samhljóða.

10) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins.
- Bæjarstjóri fór yfir aðsóknartölur á tjaldstæði Snæfellsbæjar.
- Bæjarstjóri fór yfir aðsóknartölur á salernisgám Snæfellsbæjar á Arnarstapa.
- Bæjarfulltrúar eru boðnir í heimsókn í félagsmiðstöð Snæfellsbæjar fimmtudaginn 11. september n.k. kl. 14:00. Töluverðar endurbætur og framkvæmdir hafa átt sér stað í félagsmiðstöðinni í vor og sumar og verður hún formlega opnuð eftir sumarfrí þennan dag.
- Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarritara og bæjarstjóra að hefja vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2026.
- Bæjarstjórn ræddi Sjóminjasafnið á Hellissandi. Bæjarritara var falið að ræða við aðstandendur sjóminjasafnsins og bjóða þeim á fund með bæjarstjórn í október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:37


Auður Kjartansdóttir






Björn H Hilmarsson


Margrét Sif Sævarsdóttir



Jónína Björg Óttarsdóttir


Friða Sveinsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Patryk Zolobow


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari